

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 96/1993. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Úlfi Óskarssyni og

Þorbergi Hjálta Jónssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Ákæra. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1993. Er þess krafist, að báðir ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og þeim gerð refsing.

Ákærðu krefjast sýknu.

Með bréfi ríkissaksóknara til Rannsóknarlögreglu ríkisins 24. janúar 1991 var krafist opinberrar rannsóknar vegna fram kominnar kæru forstöðumanns Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá út af brotnámi ákærðu á „rannsóknargögnum“ úr rannsóknarstöðinni, er þeir hurfu úr starfi sínu þar.

Í kæru sinni taldi forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar upp verkefni þau, sem ákærðu höfðu unnið að, og tilgreindi með almennum orðum gögn varðandi hvert verkefni, sem hann taldi ákærðu hafa tekið með sér.

Ákærðu afhentu hinn 5. apríl 1991 kassa með gögnum þeim, sem þeir kváðust hafa tekið með sér við starfslok sín í rannsóknastöðinni. Kom þegar fram hjá ákærðu við upphaf rannsóknar málsins, að þeir töldu sig eigendur gagnanna og vildu ljúka umræddum rannsóknum á eigin vegum.

Viðhorf ákærðu til ákæruefnis varða rétt vísindamanna við starfslok til að ljúka verkefnum, sem þeir hafa unnið að, og umráðarétt yfir aðföngum, sem aflað hefur verið í því skyni. Hvorki eru ákvæði varðandi þetta í ráðningarsamningum ákærðu né í starfslýsingu þeirra. Álitaefni þessi og réttarhagsmunir, sem þeim tengjast, eru á sviði einkamálaréttar.

Skilgreining í ákæru á gögnum þeim, sem ákærðu eru sakaðir um að hafa haft á brott með sér við starfslok sín í rannsóknastöðinni, er ófullkomin, sbr. ákvæði c-liðar 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Af hálfu ákæruvalds fór engin sjálfstæð könnun fram á gögnum þeim, sem ákærðu afhentu við rannsókn málsins. Ekki liggur fyrir úttekt óháðs aðila á gögnunum, þar sem fram kæmi, hvers eðlis þau eru og hvaða þýðingu þau hefðu við vísindaverkefni þau, sem ákærðu unnu við.

Ákæra og málatilbúnaður í heild eru samkvæmt þessu með svo verulegum annmörkum, sbr. 67. gr. laga nr. 19/1991, að fella ber hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa ákæru málsins frá héraðsdómi.

Allur kostnaður af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, samtals 300.000 krónur.

Gagnaöflun af hálfu ákæruvalds fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 4. þessa mánaðar var andstæð ákvæðum 3. mgr. 157. gr. laga nr. 19/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og ákæru málsins vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, samtals 300.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 17. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 239/1992: Ákæruvaldið gegn Úlfi Óskarssyni og Þorbergi Hjalta Jónssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember sl., á hendur ákærðu, Úlfi Óskarssyni skógfræðingi,

kennitala 161257-4789, til heimilis að Sólheimum í Grímsnesi, og Þorbergi Hjalta Jónssyni skógræðingi, kennitala 200659-5039, áður til heimilis að Kaplaskjólsvégi 9 í Reykjavík, nú að Melabraut 20 á Seltjarnarnesi.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að hafa við starfslok sín hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá í júlímánuði 1990 staðið að töku á skrifstofu stofnunarinnar á rannsóknargögnum, sem þeir ásamt fleiri starfsmönnum stofnunarinnar höfðu aflað og unnið að í starfi sínu þar og úrvinnslu biðu að mestu leyti og stofnunin var eigandi að, en afhentu síðan Rannsóknarlögreglu ríkisins 5. apríl 1991 gögn þessi að kröfu hennar.

Ákærða Þorbergi Hjalta er gefið að sök að hafa í heimildarleysi haft á brott með sér:

1. Tíu skjalamöppur með ýmsum grundvallarupplýsingum, svo sem mælingum, talningum og öðrum athugunum, er lutu að skógrækt, einkum könnun á ástandi birkiskóga o. fl.

2. Tvær „diskettur“ og þrjár handskrifaðar bækur með ýmsum skráningum.

Ákærða Úlfari er gefið að sök að hafa í heimildarleysi flutt á brott með sér rannsóknargögn um stafafuru í mólendi, áhrif áburðar á víðivöxt, smitun skógarplantna með rótarsveppum, bætt rótarlag skógarplantna, hraðfjölgun á ösp og skrár um mælingar.

Háttsemi ákærðu telst aðallega varða við 245. gr. og 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 3. mgr. 259. gr. og/eða 1. mgr. 257. gr. sömu laga, allt sbr. 138. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.“

Nafn ákærða Úlfs er í ákæru misritað Úlfar.

— — —

Ákærði segir í sambandi við framburð Jóns Loftssonar, að hann fari ekki rétt með, hvenær ákærðu hafi tekið gögn sín, það hafi þeir gert síðar.

Ákærði Þorbergur Hjalti bætir því við, sem hann hefur áður sagt, að upptalningin á þeim gögnum, sem hann eigi að hafa haft á brott með sér í heimildarleysi, sé ekki rétt í ákæru. Ákærði segir, að átta, en ekki tíu, af skjalamöppunum, sem í ákæru er sagt frá, hafi verið á skrifstofu sinni. Tvær aðrar kveðst ákærði hafa keypt, til að auðveldara yrði að glöggva sig á rannsóknarverkefnunum. Þá raðaði ákærði verkefnunum í möppurnar og setti græn skilblöð á milli verkefnanna í hvorri möppu, til þess að auðveldara yrði að átta sig á þeim. Ákærði finnur að því, að í ákæru séu þessi verkefni ekki talin upp, þó að auðveldlega megi sjá á möppunum, um hvaða verkefni sé að ræða. Ákærði vill einnig árétta, að á Mógilsá séu

tölvudiskar með öllum þeim gögnum, sem búið var að skrá í tölvu, þegar frá sé skilið birkiverkefnið.

Ákærði segir um framburð Jóns Loftssonar, að í honum komi fram, að mikið hafi horfið af rannsóknargögnum, þegar Jón Gunnar fór frá Mógilsá. Vill ákærði fullyrða, að hann hafi ekki tekið gögn sín á sama tíma og Jón Gunnar hvarf á brott.

Ákærði segir um framburð Árna Bragasonar um samningatilraunir við ákærðu, að ástæða þess, að samningar tókust ekki, hafi ekki verið taxti eða annað slíkt, heldur það, að ákærðu voru ekki reiðubúnir að afhenda þessi gögn, nema þeir fengju tryggingu fyrir því, að ekki yrði farið með þau án samráðs við ákærðu og að þeir hefðu ótvíræðan forgang að ritun vísindaverka, sem byggðust á þessum gögnum. Engar samningatilraunir fóru fram eftir fyrstu viku október 1990.

Vegna framburðar Kristjáns Þórarinssonar tekur ákærði fram til áréttingar fyrri framburði, að skrifstofa sín hafi alltaf verið læst, þegar ákærði var ekki á staðnum.

Við flutning málsins var af hálfu ákæruvaldsins fallið frá ákæru á hendur ákærða Úlfi fyrir töku á gögnum um hraðfjölgun á ösp.

Niðurstöður.

Í máli þessu er til úrlausnar, hvort ákærðu, sem voru opinberir starfsmenn, hafi heimildarlaust haft á brott með sér þau gögn, sem ákæra fjallar um, en sjálfir hafa ákærðu báðir haldið fast við það frá upphafi, að umrædd gögn séu sín eign og aðföng í ólokin vísindaverk, sem þeir hafi verið að vinna að í starfi sínu á Mógilsá sem vísindamenn og þeir eigi höfundarrétt að.

Að mati dómsins er sannað með framburði ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu, að umrædd gögn séu aðföng í ólokin vísindaverk. Þá er einnig sannað með sama hætti, að ákærðu störfuðu sem vísindamenn að Mógilsá og auk þess við önnur verkefni, sem ákærðu hafa sjálfir lýst.

Komið hafa fyrir dóminn yfir tuttugu vitni að ósk verjanda ákærðu. Í framburði þeirra koma fram skoðanir flestra á því, hvort aðföng til ólokinnna vísindaverka séu eign viðkomandi vísindamanns eða þeirrar stofnunar, sem hann var hjá, þegar starfslok verða. Af þessum framburði er ljóst, að skoðanir eru skiptar um þetta.

Ákærðu höfðu starfsaðstöðu að Mógilsá, og sannað er, m. a. með framburði þeirra sjálfra, að þeir nutu einnig aðstoðar annarra starfsmanna við að afla gagna við þau vísindaverk, sem þeir unnu að hverju sinni. Þá þágu þeir laun fyrir störf sín að Mógilsá, sem náðu til fleiri starfa en vísindastarfa.

Ráðningarsamningar ákærðu eru prentaðir á stöðluð eyðublöð, og þar

er hvergi að finna ákvæði, sem nái til þess, hvernig fara skuli með gögn sem þessi, þegar starfslok verða. Þá er ekki heldur að finna ákvæði um þetta í starfslýsingum ákærðu né var samið um þetta, áður en ákærðu tóku til starfa, þótt ljóst sé, að engin föst regla virðist til í þessu efni, hvorki í settum lögum né samkvæmt venju. Þá er komið fram, að sum þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóminn, hafa við starfslok tekið með sér hliðstæð gögn og hér um ræðir, þ. á m. fyrrverandi yfirmaður ákærðu að Mógilsá. Telur dómurinn, að færa megi rök fyrir því, að ákærðu kunni að eiga höfundarrétt að fullbúnum vísindaniðurstöðum sínum, en vinnuveitandinn réttinn til þess að nýta þær sem endurgjald fyrir þau laun, sem vísindamaðurinn hefur þegið, enda hafi ekki verið samið um annað.

Það er mat dómsins, að gögn þau, sem um ræðir í máli þessu, geti að einhverju leyti verið persónuleg gögn undir væntanlega vísindalega niðurstöðu, svo að það verður ekki fullyrt, að eignarréttur gagnanna sé allur hjá rannsóknastöðinni, enda þótt óumdeilt sé, að hún hafi lagt ákærðu til starfsaðstöðu og aðstoð og greitt ákærðu laun. Í þessu sambandi er rétt að líta á það, að því er ekki mótmælt, að gögnin séu m. a. bæði minnispunktir ákærðu úr vinnutíma þeirra og utan hans. Er ekki ástæða til annars en telja þetta rétt.

Ákærðu hafa alla tíð, eins og fram er komið, haldið fast við það, að þeir eigi gögnin, en mál þetta er ekki rekið til að sannreyna eignarrétt rannsóknastöðvarinnar að gögnunum, heldur til þess að taka afstöðu til þess, hvort ákærðu hafi framið brot gegn hegningarlögum.

Það er mat dómsins, að þegar litið sé á gögnin í heild, eins og þeim er lýst í ákæru, sé ekki loku fyrir það skotið, að um geti verið að ræða sameign ákærðu og vinnuveitanda þeirra. Þykir því varhugavert að telja fullvíst í refsímáli, að ákærðu hafi haft gögnin heimildarlaust á brott við starfslok sín, miklu frekar sé hér deilt um eignarrétt gagnanna. Ber að meta ákærðu allan vafa í hag í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu verða ákærðu sýknaðir af því, sem þeim er gefið að sök í ákæru, og þar með af því að hafa brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir. Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber samkvæmt 1. tl. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Úlfur Óskarsson og Þorbergur Hjalti Jónsson, eru sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.
